



Leiðin að kolefnishlutleysi

Uppfærð loftslagsmarkmið Arion banka til ársins 2030

Október 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Umhverfis- og loftslagsstefna Arion banka	5
Loftslagsvegferð Arion banka	6
Skuldbindingarnar	7
Leiðin að kolefnishlutleysi	8
Markmið og fjármagnaður útblástur	9
<i>Fjármögnuð kolefnislosun út frá lánabók Arion banka</i>	10
<i>Loftslagsmarkmið Arion banka til ársins 2030</i>	12
<i>Eigin starfsemi</i>	13
<i>Íbúðalán</i>	14
<i>Landbúnaður</i>	15
<i>Áframleiðsla</i>	16
<i>Orkuframleiðsla</i>	17
<i>Sjávarútvegur</i>	18
<i>Fasteignir</i>	19
<i>Landflutningar</i>	20
<i>Sjóflutningar</i>	21
<i>Olía, gas og kol</i>	22
Stefna um endurútreikning losunar gróðurhúsalofttegunda	23
Sjálfbærniáhætta og stýring	24
Viðauki	27



Inngangur

Í skýrslu þessari birtum við uppfærð loftslagsmarkmið Arion banka til ársins 2030 og lýsingu á því hvernig við hyggjumst styðja við umbreytingu í átt að kolefnishlutleysi. Markmiðin eru sett fram í samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda um að ná fram kolefnishlutleysi árið 2040^a og markmið Parísarsamkomulagsins um að halda hnattrænni hlýnun jarðar innan 1,5 gráðu.

Skýrslunni er ætlað að veita haghöfum okkar upplýsingar um hvernig bankinn hyggst ná kolefnishlutleysi. Helstu haghafar bankans eru viðskiptavinir, hluthafar og skuldabréfaeigendur, starfsfólk og samfélagið í heild. Í skýrslunni er fjallað um markmið og árangur Arion banka og tekur skýrslan ekki til dótturfélaga nema annað sé tekið fram.

Hjá Arion banka er starfandi sjálfbærninefnd sem bankastjóri ber ábyrgð á. Nefndin hefur það meginhlutverk að fylgjast með frammistöðu bankans í tengslum við stefnur og skuldbindingar á sviði sjálfbærni og tryggja að tekið sé tillit til UFS þátta í ákvarðanatöku og áætlunum ásamt því að samþykkja stefnur á sviði sjálfbærni. Stýring áhættu tengdri sjálfbærni er skilgreind sem hluti af áhættustýringarkerfi bankans. Sjálfbærninefnd hefur samþykkt efni þessarar skýrslu.

Aðferðafræði og uppfærð markmið

Þetta er önnur skýrsla Arion banka um leiðina að kolefnishlutleysi. Í byrjun árs 2024 gaf bankinn út skýrslu um fjármagnaða kolefnislosun þar sem fyrstu markmið voru sett fram sem byggðust á loftslagsvísnum atvinnulífsins og markmiðum stjórnvalda. Undirstaða markmiðasetningar eru útreikningar á fjármagnaðri kolefnislosun bankans, þ.e. hversu mikill útblástur er frá lánasafni, eigin fjárfestingum og ríkisskuldbréfum. Útreikningarnir eru samkvæmt aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF) en sú aðferðafræði er viðurkennd af bæði Science-Based Targets Initiative (SBTi) og því sem áður hét Net-Zero Banking Alliance (NZBA)*. Markmið bankans byggjast á þeim niðurstöðum sem birtar eru í skýrslum bankans um fjármagnaða kolefnislosun.

Þau markmið, sem bankinn hafði áður sett fyrir samdrátt í fjármagnaðri losun lánasafnsins, hafa hér verið endurskoðuð með tilliti til sviðsmynda innan eignaflokka sem miða að því að halda hnattrænni hlýnun innan 1,5 gráða. Við vinnslu markmiðanna var haft samráð við atvinnulífið til þess að tryggja að markmiðin séu í takti við stefnu og áform einstakra atvinnugreina.

Vísindaleg markmið sett

Arion banki hefur að undanfögnu unnið að því að fylgja aðferðafræði SBTi við mótun vísindalegra markmiða um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Í þeirri vinnu hefur verið notast

við útgefinn fyrirtækjastaðal á vegum SBTi. Sú vinna var langt á veg komin og til stóð að fá markmiðin samþykkt fyrir lok árs 2025 þegar nýr staðall á vegum SBTi leit dagsins ljós í júlí á þessu ári. Nýi staðallinn er sérstaklega sniðinn að setningu vísindalegra loftslagsmarkmiða fyrir fjármálafyrirtæki. Fjármálafyrirtæki hafa tvö ár frá útgáfu nýja staðalsins til að fá markmið sín samþykkt af SBTi. Vegna þessa mun Arion banki ekki leitast við að fá markmið sín samþykkt af SBTi í ár heldur þróa þau enn frekar áfram þannig að þau uppfylli kröfur nýja staðalsins.

Vegna breytinga á aðferðafræði í nýja staðlinum kunna markmið, sem sett eru fram í þessari skýrslu, að verða aðlöguð að nýjum staðli. Þá nýtir Arion banki leiðbeiningar, sem NZBA gaf út, við markmiðasetninguna. Markmið eru sett fyrir eigin starfsemi Arion banka (umfang 1 og 2) og fyrir stóran hluta af fjármagnaðri losun bankans (umfang 3, flokkur 15). Við val á atvinnugreinum, sem markmið hafa verið sett fyrir, var horft til þeirra atvinnugreina sem losa hvað mest í lánasafni bankans ásamt tilgreindum atvinnugreinum í samræmi við staðal SBTi. Markmið í tengslum við lánveitingar eru því að þessu sinni sett fyrir íbúðalán bankans og fyrirtækjalán í tengslum við áliðnað, sjávarútveg, landbúnað, orkuframleiðslu, fasteignir, flutninga, kolaiðnað, olíu og gas.

Sett eru fram skammtímamarkmið til ársins 2030 og unnið verður áfram að markmiðasetningu í tengslum við kolefnishlutleysi árið 2040. Markmiðin eru tímasett í samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda eins og þau lágu fyrir um mitt ár 2025. Við útgáfu þessarar skýrslu liggja fyrir breytingar á markmiðum stjórnvalda í samráðsgátt og fylgist bankinn vel með þróun þeirra markmiða. Þá skuldbindur bankinn sig til að yfirfara og, ef þörf krefur, uppfæra markmiðin að minnsta kosti á fimm ára fresti frá því að þau eru sett.

Í skýrslunni eru dregnar fram aðgerðir sem stuðla að og styðja við markmiðasetningu bankans og tengjast grænu vöruframboði, stefnum, samtölum við viðskiptavini og áhættustýringu. Enn eru tækifæri til að þróa leiðina áfram varðandi aðgerðir og verður unnið að því í tengslum við áframhaldandi vinnu við markmiðasetningu.

Takmarkanir

Gagnagæði eru ein helsta áskorunin við útreikninga á fjármagnaðri kolefnislosun en aðeins hluti fyrirtækja í efnahagsreikningi samstæðunnar birtir gögn um eigin kolefnislosun. Gagnaskortur frá fyrirtækjum takmarkar því nákvæmni skýrslunnar, bæði hvað varðar áætlaða losun og áætlaðar stærðir í tengslum við losunarkræfni. Hluti gagna byggist á áætluðum tölum og er notast við Veru, sjálfbærnilausn Creditinfo, í þeim tilvikum.

^a [Lög um loftslagsmál](#)

* Í október 2025 samþykktu aðilar NZBA að hverfa frá aðildardrífni samstarfi. Þá var samþykkt að halda áfram að festa leiðbeiningar um setningu loftslagsmarkmiða í sessi. Í kjölfar ákvörðunar hefur NZBA hætt starfsemi. Leiðbeiningar NZBA um setningu loftslagsmarkmiða fyrir banka, ásamt stuðningsefni, eru mest notuðu leiðbeiningar á heimsvísu fyrir markmiðasetningu um minnkun kolefnislosunar. Leiðbeiningarnar verða áfram aðgengilegar opinberlega og geta bankar því haldið áfram að nýta sér þær í þágu markmiðasetningar og við gerð umbreytingaráætlana.



„Til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi er nauðsynlegt að virkja samvinnu milli ólíkra aðila þar sem atvinnulífið leitar eftir árangursríkum og sjálfbærum lausnum og stjórnvöld leiða samfélagsbreytingar í rétta átt. Hlutverk fjármálafyrirtækja á þessari leið er að styðja við umbreytinguna og veita fjármögnun sem stuðlar að þessari framtíðarsýn. Umhverfis- og loftslagsmál eru Arion banka mikilvæg og þar eru mestu áhrifin í gegnum lánveitingar og fjárfestingar.“

- **Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka**





Umhverfis- og loftslagsstefna Arion banka

Við viljum vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum, lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar og losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ein stærsta áskorun samtímans og nauðsynlegt er að halda hlýnun jarðar innan 1,5 gráðu.


Við ætlum að leggja okkar af mörkum svo að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu og öðrum innlendum og alþjóðlegum umhverfis- og loftslagssáttmálum. Við styðjum metnaðarfull áform Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040 og stefnir bankinn að kolefnishlutleysi sama ár.

Bankar gegna lykilhlutverki í því að fjármagna framfarir og við beinum sjónum okkar að fjármögnun verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun og grænni uppbyggingu. Við gerum þá kröfu til birgja okkar að þeir taki mið af umhverfis- og loftslagsáhrifum í starfsemi sinni.

Við setjum okkur markmið og birtum árangur hvað varðar þá þætti sem við höfum mest áhrif á, svo sem innkaup, eigin rekstur, lánveitingar og fjárfestingar bankans. Við eflum þekkingu starfsfólks á umhverfismálum með markvissum hætti og styðjum vegferð viðskiptavina okkar í átt að grænni framtíð í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



Áfangar í loftslagsvegferð Arion banka



Skuldbindingar

Árið 2024 hvöttum við yfir 15.000 fyrirtæki til að setja sér vísindaleg loftslagsmarkmið og buðum viðskiptavinum á morgunfund um sjálfbærni. Arion banki hefur birt sjálfbærnistefnur í mismunandi atvinnugreinum þar sem fyrirtæki eru hvött til að setja sér loftslagsmarkmið og birta árangur.

Arion banki hefur sett fram útilokunarlista fyrir þá starfsemi sem bankinn mun ekki fjárfesta í (eigin fjárfestingar), veita fyrirtækjaráðgjöf og/eða lána til. Umfram þá útilokun mun bankinn ekki eiga í viðskiptum við aðila í starfsemi sem er ólögleg samkvæmt lögum eða reglum viðkomandi lands sem starfsemin á sér stað í.

Útilokunin nær til:

- Starfsemi sem brýtur gegn grundvallarmannréttindum, s.s. með þrældómi eða nauðungarvinnu.
- Umdeildrar vopnaframleiðslu (jarðsprengjur, klasasprengr, efnavopn, sýklavopn og kjarnorkuvopn).
- Fyrirtækja sem byggja meginstarfsemi sína á framleiðslu á klámi eða eru beintengd framleiðslu á klámi.
- Fyrirtækja í tóbaksframleiðslu.
- Fyrirtækja sem afla sér tekna með fjárhættuspilum og/eða veðmálum, að undanskilinni þeirri starfsemi sem hlotið hefur starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti eða sérlaga.
- Olíuleitar.
- Vinnslu og/eða námugraftar á jarðefnaeldsneyti til orkuframleiðslu, þ.e. kolum, mó, jarðgasi og olfu.



NZBA voru samtök fjármálastofnana á alþjóðavísu, undir hatti SB, þar sem aðilar skuldbundu sig til að skara fram úr í loftlagsmálum. Í október 2025 var snúið frá bandalagsforminu. Framvegis verður um að ræða leiðbeiningar sem tiltækar eru öllum fjármálastofnunum án skuldbindinga.



Science-based Targets initiative (SBTi) eru markmið sem byggjast á vísindalegum grunni um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C árið 2100 miðað við árið fyrir iðnbyltingu.

Yfirlýsing norrænna forstjóra

Bankastjóri Arion banka, Benedikt Gíslason, skrifaði undir yfirlýsingu tæplega 80 norrænna forstjóra innan Global Compact, samtaka Sameinuðu þjóðanna um ábyrga viðskiptahætti, árið 2023. Þar var lýst yfir stuðningi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og markmið Parísarsamkomulagsins og hvatt til aukinna aðgerða í loftslagsmálum.

Með yfirlýsingunni var skorað á fyrirtæki og stjórnvöld um allan heim að flýta orkuskiptum, draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og efla fjárfestingu í grænum innviðum og orkugjöfum.



Leiðin að kolefnishlutleysi

Arion banki vinnur að því að ná markmiðum sínum um kolefnishlutleysi. Áfram verður unnið að því að fá markmið bankans samþykkt hjá SBTi og við höldum áfram að fylgja viðmiðum NZBA.

Árangur af markmiðum helst þó í hendur við aðgerðir stjórnvalda og áframhaldandi innviðauppbýggingu sem snýr að orkuskiptum ásamt vilja fyrirtækja á vegferð sinni í átt að aukinni sjálfbærni og kolefnishlutleysi.

Í umbreytingaráætlun sinni vinnur bankinn nú einkum eftir sex leiðum. Jafnframt höldum við áfram að þróa vöruframboð okkar og aðgerðir sem styðja við kolefnishlutlaust hagkerfi.

Grænt vöruframboð

Grænar vörur eru undirstaða leiðar okkar að kolefnishlutleysi og samanstanda af fjórum meginvörum. Um er að ræða græn innlán fyrir einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök, græn íbúðalán við kaup á umhverfisvænu íbúðarhúsnæði, græn bílalán við kaup á bílum sem ganga fyrir endurnýjanlegri orku og græn fyrirtækjalán sem eru í samræmi við sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans.

Sjálfbær fjármálaumgjörð

Í fjármálaumgjörðinni eru skilgreind þau verkefni sem fjármögnuð eru með grænum skuldabréfaútgáfum. Meðal verkefna sem geta fallið undir grænar lánveitingar eru lánveitingar sem stuðla að orkusparnaði, orkuskiptum í samgöngum, vottuðum fasteignum, sjálfbærum sjávarútvegi og framleiðslu á endurnýjanlegri orku.

Ábyrgðarsamningur við EIF

Með ábyrgðarsamningi við Evrópska fjárfestingasjóðinn getur bankinn lánað allt að 15 milljarða króna til íslenskra fyrirtækja en ramminn er fjármagnaður af InvestEU þar sem áhersla er m.a. á sjálfbærni.

Sjálfbærnistefnur fyrir atvinnugreinar

Við höfum sett okkur sjálfbærnistefnur fyrir þær atvinnugreinar sem eiga stærstan hluta fjármagnaðar kolefnislosunar lánasafns okkar. Í stefnunum er að finna hvata til fyrirtækja í þessum geirum til jákvæðra aðgerða og ramma utan um það með hvaða fyrirtækjum bankinn vill starfa.

Samtöl við og hvatning til viðskiptavina

Við höldum áfram að eiga samtöl við viðskiptavinum okkar í helstu atvinnugreinum með það að leiðarljósi að hvetja til aukinnar sjálfbærni og kynna grænar lausnir í fjármögnun.

Lánshæfismat viðskiptavina

Bankinn hefur metið UFS áhættu í lánasafni sínu eftir atvinnugreinum og gert hitakort sem byggist á mati á mögulegum áhrifum mismunandi áhættuþátta á ólíkar atvinnugreinar. Niðurstöðurnar hafa verið samþættar inn í lánshæfismatskerfi bankans og á að tryggja að UFS þættir séu metnir niður á einstaka viðskiptavinum yfir vissum stærðarmörkum og upphæðum.



Vísindaleg loftslagsmarkmið og fjármögnuð kolefnislosun




Fjármögnuð kolefnislosun út frá lánabók Arion banka

Arion banki er aðili að Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Um er að ræða alþjóðlegan samstarfsvettvang fjármálafyrirtækja sem hefur það að meginmarkmiði að samræma mat á umfangi losunar gróðurhúsalofttegunda í gegnum lánveitingar og eigin fjárfestingar fjármálafyrirtækja.


Á hverju ári birtum við upplýsingar um kolefnisspor fjármagnaðs útblásturs samkvæmt aðferðafræði PCAF og stuðlum þannig að gagnsæi varðandi árangur í loftslagsmálum. Greiningin getur m.a. nýst til að meðhöndla loftslagstengda umbreytingaráhættu, þróa loftslagsvænar fjármálavörur og við markmiðasetningu í tengslum við Parísarsamkomulagið og kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Niðurstöðurnar endurspeglar losun gróðurhúsalofttegunda sem fjármögnuð er af Arion banka árið 2023. Útreikningarnir byggjast á nýjustu og áreiðanlegustu gögnum sem tiltæk eru hverju sinni og er notast við a.m.k. ársögmul gögn þar sem nýrri liggja ekki fyrir.

Aðferðafræði við uppbyggingu losunarstuðla hefur tekið lítils háttar breytingum til að auka nákvæmni sem gæti orsakað vægar breytingar á losunartölum milli ára. Notast var við gögn úr Veru, sjálfbærnilausn Creditinfo. Upplýsingar um árið 2024, ásamt samanburði við fyrri ár, verða birtar í árs- og sjálfbærnisráskýrslu Arion banka.



Fjármögnuð losun og losunarkræfni atvinnugreina í útlánasafni bankans



Fjármögnuð kolefnislosun út frá lánabók

Arion banka

framhald


Losun vegna fyrirtækjalána er 90% af heildarlosun útlána bankans. Sú losun hækkar um rúm 3% á milli ára og fer úr 140 ktCO₂ í 144,4. Losunarkræfni fyrirtækjalána lækkar þó örlítið á milli ára, úr 0,29 tCO₂/ISKm í 0,28 tCO₂/ISKm, sem þýðir að hver milljón sem bankinn lánaði út 2023 losar hlutfallslega minna en árið 2022.

Losunarkræfni er notuð til að meta árangur þar sem fjárhæðir geta breyst en hlutfallið helst samanburðarhæft og gefur betri mynd en ef horft væri eingöngu á losunartölur hvers flokks. Þær atvinnugreinar, sem valda mestum útblæstri, eru iðnaður, orka og framleiðsla, landbúnaður og sjávarútvegur.

Hæstu losunarkræfni hafa landbúnaður með 2,78 tCO₂/ISKm og iðnaður, orka og framleiðsla með 1,18 tCO₂/ISKm. Losunarkræfni flutninga lækkar töluvert á milli ára, úr 1,54 tCO₂/ISKm í 0,89 tCO₂/ISKm, en nákvæmari aðferðarfræði gerir það að verkum að áætlanir eru nær raunlosun en áður.

Arion Banki hefur skuldbundið sig til að samræma lánasafn sitt markmiðum Parísarsamkomulagsins og leggja þannig sitt á vogaskálarnar við að stuðla að kolefnishlutlausu hagkerfi. Sem hluti af skuldbindingu okkar fyrir gagnsæi og ábyrgð birtum við markmiðin okkar og hvaða aðferðarfræði var notuð við setningu þeirra. Þessi vinna gerir okkur kleift að eiga í virku samtal við viðskiptavinum, styðja við umbreytingu þeirra og stýra lánasafninu í átt að minni losun.

Skipting lánasafns eftir bókfærðu virði útlána og fjármagnaðri losun 2023



Loftslagsmarkmið Arion banka til ársins 2030

Við markmiðasetningu var horft til hvaða atvinnugreinar innan fyrirtækjalána eru með mesta losun og losunarkræfni. Þar að auki var horft til leiðbeininga frá NZBA og SBTi um hvaða atvinnugreinar skuli setja markmið fyrir. Þær atvinnugreinar, sem tilgreindar eru af NZBA og eru innan lánasafns Arion banka, eru landbúnaður, álframleiðsla, samgöngur, orkuframleiðsla og íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

SBTi gerir sérstaka kröfu um að markmið séu sett fyrir orkuframleiðslu og fasteignir en þar sem mikil lánastarfsemi er innan sjávarútvegs hjá Arion banka var ákveðið að einnig yrðu sett markmið fyrir þá atvinnugrein. Auk þess hafa verið sett markmið fyrir olíu, gas og kol, þrátt fyrir að þessir geirar séu ekki hluti af lánastarfsemi bankans. Þetta er gert til að tryggja samræmi við alþjóðleg viðmið og styðja við heildstæðar loftslagsaðgerðir bankans.

Fjármögnuð losun eignaflokka sem markmiðin ná til



Yfirlit yfir markmið

Eignaflokkur	Skammtíamarkmið til 2030	Kolefnishlutleysi	Aðferðafræði
Eigin starfsemi	Umfang 1+2 (með upp-runaaýbyrgð) 80% (grunnár: 2015, samdráttur til þessa: 65%)	Kolefnishlutleysi 2040	SBTi, Corporate Near-Term Tool, vs. 2.3
Íbúðalán	Umfang 2 Viðhalda lágri losunarkræfni (1,1 kgCO₂/m²)	Kolefnishlutleysi 2040	SDA, Scenario IEA Net zero 2050
Bílalán	Umfang 1+2 Í þróun	Kolefnishlutleysi 2040	
Fyrirtækjalán			
Landbúnaður	Umfang 1+2 Draga úr losun um 12% á hverja ISKm Markmið um kolefnisbindingu í skoðun	Kolefnishlutleysi 2040	SBTi FLAG approach
Álframleiðsla	Umfang 1+2 Lækka losunarkræfni (tCO₂/framleitt tonn af áli) um 15% (grunnár 2023)	Kolefnishlutleysi 2040	SDA, Scenario IEA Net zero 2050
Raforkuframleiðsla	Umfang 1+2 Viðhalda lágri losunarkræfni (0,03 kg CO₂/kWh)	Kolefnishlutleysi 2040	SDA, Scenario IEA Net zero 2050
Sjávarútvegur	Umfang 1+2 Draga úr losun um 29.4% á hverja ISKm (grunnár: 2023)	Kolefnishlutleysi 2040	
Fasteignir	Umfang 1+2 Lækka losunarkræfni (kg CO₂/m²) um 18% (grunnár: 2023)	Kolefnishlutleysi 2040	SDA, Scenario IEA Net zero 2050
Landflutningar	Umfang 1+2 Lækka losunarkræfni (gCO₂/t-km) um 24,7% (grunnár: 2023)	Kolefnishlutleysi 2040	SBTi, SDA Transport Tool, vs. 1.1.1
Sjóflutningar	Umfang 1+2 Lækka losunarkræfni (gCO₂/t-km) um 41,9% (grunnár: 2023)	Kolefnishlutleysi 2050	SBTi, SDA Aviation Tool, vs. 2.0
Olía og gas	Umfang 1+2 Viðhalda engum lánveitingum	Kolefnishlutleysi 2040	Útilokunarlisti
Kol	Umfang 1+2 Viðhalda engum lánveitingum	Kolefnishlutleysi 2040	Útilokunarlisti

1.5 °C Samræmd markmið

Vísindalega markmiðsett fyrir **9** atvinnugreinar

76% hlutfall fyrirtækjalána sem falla undir loftslagsmarkmið



Eigin starfsemi

Losun frá eigin starfsemi Arion banka nær yfir losun frá umfangi 1 og 2. Losun í umfangi 1 stafar aðallega af eldsneytisnotkun bifreiða í rekstri bankans en losun í umfangi 2 tengist rafmagnsnotkun og húshitun. Losun vegna rafmagnsnotkunar í umfangi 2 er byggð á markaði upprunaábyrgða en Arion banki kaupir upprunaábyrgð með keyptri raforku til að tryggja sér orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Losun í umfangi 3 í þeim flokkum, sem tengjast aðkeyptri þjónustu og vörum (flokkum 1-14), er einnig reiknuð enda þótt ekki hafi verið sett sérstök markmið um þann þátt.


Heildarlosun frá eigin starfsemi, umfangi 1 og 2 (byggt á markaði upprunaábyrgða), var 54,2 tCO₂Í, árið 2024 en með umfangi 3 (flokkum 1-14) var hún 675,3 tCO₂Í. Viðmiðunarár okkar vegna losunar í umfangi 1 og 2 er árið 2015 og hafa losunartölur fyrir grunnárið verið endurreiknaðar þar sem Umhverfisstofnun birti nýjan losunarstuðul fyrir rafmagn og húshitun.

Losun frá eigin starfsemi er hlutfallslega lág miðað við fjármagnaða losun. Samt sem áður vill Arion banki setja sér markmið um að draga úr losun frá eigin starfsemi og vinna að því með skipulögðum hætti. Í umfangi 3 vega viðskiptaferðir og samgöngur starfsfólks þyngst. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að hvetja starfsfólk til vistvænna ferðamáta. Helstu tækifæri til frekari minnkunar losunar í umfangi 1 og 2 felast í því að hætta alfarið notkun bifreiða í eigu bankans sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Á undanförunum árum hefur gengið vel að draga úr losun í eigin rekstri með því að fækka fermetrum undir starfsemi bankans ásamt því að fækka bílum bankans sem ganga fyrir óendurnýjanlegum orkugjöfum.


Kolefnishlutleysi	2040
Markmið árið 2030	80% samdráttur

Árið 2022 setti Arion banki sér markmið um að draga úr losun frá eigin starfsemi, umfangi 1 og 2, um að minnsta kosti 80% fyrir árið 2030, miðað við árið 2015 sem viðmiðunarár. Sem hluti af vinnu við að þróa vísindaleg markmið til skemmri tíma var skuldbindingin endurmetin til að tryggja samræmi við Parísarsamkomulagið og halda hlýnun jarðar innan 1,5°C. Endurskoðunin staðfesti að markmiðið er metnaðarfullra en lágmarkskröfur samkvæmt aðferðafræði Science Based Targets initiative (SBTi) og stendur því markmið okkar um að draga úr losun um 80% árið 2030. Langtímamarkmið er kolefnishlutleysi árið 2040.

Markmið fyrir eigin starfsemi bankans eru ekki sett fyrir umfang 3, flokka 1-14, þar sem sá hluti umfangs 3 er óverulegur í samanburði við fjármagnaða losun sem fellur undir flokk 15 í umfangi 3.



Leiðin að kolefnishlutleysi fyrir losun í umfangi 1 og 2



Íbúðalán

Undir þennan flokk í loftslagsmarkmiðum Arion banka falla íbúðalán veitt til einstaklinga fyrir kaupum á íbúðarhúsnæði. Íbúðarhúsnæði í lánabók Arion banka eru eingöngu staðsett á Íslandi.

Fjármögnuð losun er reiknuð með aðferðafræði sem þróuð var af COWI fyrir Arion banka. Þar er orkunotkun metin fyrir hverja byggingu og losunarstuðull fyrir viðeigandi hitagjafa notaður. Fermetrafjöldi er þekktur fyrir lánasafnið og er því hægt að setja viðmið um losun á hvern fermetra.

Orkunotkun í íslenskum byggingum, þ.e. rafmagn og hiti, er að mestu leyti knúin af endurnýjanlegri orku þegar horft er til staðbundinnar losunar. Um 90% íbúðarhúsnæðis á Íslandi notast við hitaveitu. Um 85% þess húsnæðis, sem notast við hitaveitu, nýtir hitaveitur sem eru háðar reglum sveitarfélaga. Um 1,5% nota aðrar jarðvarmaveitur og ríflega 3% nota olíu eða rafmagn til hitunar. Þau 10%, sem eftir eru, nota rafmagn til hitunar, auk þess sem lítið hlutfall notar varmadælur^b.

Losunarstuðlar frá endurnýjanlegum orkugjöfum eru lágir og því eru losunartölur tengdar íbúðalánnum á Íslandi mun lægri en í öðrum löndum. Við gerð markmiða var notast við sviðsmynd frá Alþjóðaorkumálastofnuninni fyrir húsnæðislán um leiðina að kolefnishlutleysi. Við setningu skammtímamarkmiða til ársins 2030 er heimild hjá SBTi að setja markmið um að viðhalda losun í flokkum þar sem leiðin að kolefnishlutleysi er vel á veg komin og á það við um íbúðalán Arion banka.

Kolefnishlutleysi

2040

Markmið árið 2030


Viðhalda 1,1 kg CO₂ / m²

Fjármögnuð losun frá íbúðalánnum Arion banka var 2,2ktCO₂ í árið 2023. Losunin í þessum flokki er því lítil í samanburði við aðra flokka en við setjum engu að síður skammtímamarkmið til ársins 2030. Stafar það bæði af því að íbúðalán eru stór partur af lánastarfsemi bankans auk þess sem samkvæmt staðli SBTi skal setja fram skammtímamarkmið er snúa að íbúðarlánnum.

Í þessu ljósi setur Arion banki sér það markmið er viðhalda þessari lágu losunartíðni til ársins 2030. Frá 2030 til 2040 stefnir Arion banki að því að ná kolefnishlutleysi.



Íbúðalán - Kolefnishlutleysi
kgCO₂ / m²



^b COWI – Green Residential Buildings



Landbúnaður

Landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein, ekki síst til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Landfræðileg staðsetning og jarðfræðileg skilyrði hér á landi setja takmarkanir á landbúnaðarstarfsemi, þar á meðal stutt vaxtartímabil og stór svæði lands sem eru viðkvæm fyrir vind- og vatnsrofi. Atvinnugreinin nær yfir fjölbreytta starfsemi, s.s. alifuglarækt, eggjaframleiðslu, garðyrkju, sauðfjárrækt og hrossarækt^c.

Til að draga úr losun í landbúnaði þarf að grípa til margvíslegra aðgerða, s.s. að bæta nýtingu á tilbúnum áburði, bæta afurðarsemi gripa og draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Þá er mikilvægt að fanga og geyma kolefni úr andrúmsloftinu, s.s. með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis^d.

Í lánasafni Arion banka í landbúnaði eru fyrirtæki sem starfa á fjölbreyttum sviðum. Þó að landbúnaður sé hlutfallslega lítil atvinnugrein í heildarlánasafni bankans er hann í þriðja sæti þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda en fjármögnuð losun mælist 28 ktCO₂í fyrir árið 2023. Losun frá landbúnaði í losunarbókhalda Íslands stafar af beinni starfsemi búa þar sem helstu uppsprettur eru losun vegna iðragerjunar, geymsla og notkun á húsdýraáburði, notkun tilbúins áburðar og brennsla jarðefnaeldsneytis á tækjum^d.

Landbúnaðargeirinn er einn af þeim geirum í lánasafni okkar sem samanstendur af mörgum smærri fyrirtækjum og búum. Þetta takmarkar okkur við öflun gagna og getu fyrirtækjanna til að setja fram mælanleg markmið og árangur í tengslum við sjálfbærni. Þess vegna horfum við einnig til umhverfisstefnu landbúnaðarins við setningu markmiðanna ásamt því sem við áttum gott samtal við Samtök fyrirtækja í landbúnaði.

Kolefnishlutleysi

2040


Markmið árið 2030

12% samdráttur / ISKm


Við setningu markmiða í landbúnaði var stuðst við FLAG-aðferðafræðina frá SBTi. Í aðferðafræðinni er losun flokkuð eftir tegund landbúnaðarframleiðslu, og framleiðslutölur nýttar til að setja markmið út frá sviðsmyndum fyrir mismunandi framleiðslugreinar innan landbúnaðar. Fyrirtæki í lánabók Arion banka voru því flokkuð eftir meginstarfsemi og upplýsinga aflað um framleiðslu innan þeirra flokka sem SBTi tekur til greina og sem eru að finna innan lánabókar.

Þær framleiðslugreinar, sem eru í lánabók Arion banka, eru mjólkurframleiðsla, nautgriparækt og kjúklingabúskapur. Þau fyrirtæki, sem falla utan þessara flokka, voru sett undir flokkinn „annað“ og markmið þar ekki byggt á framleiðslutölum. Markmiðasetning bankans með tólinu frá SBTi er enn á frumstigi og er tólið í raun hugsað fyrir fyrirtæki í landbúnaði en ekki fjármálafyrirtæki. Þrátt fyrir það gefur tólið gagnlega innsýn í mögulegan heildarsamdrátt í losun innan lánasafns Arion banka.

Markmið bankans er að draga úr losun um 12% á hverja lánaða milljón í landbúnaði fram til ársins 2030. Til skoðunar er að Arion banki setji sér markmið um kolefnisbindingu, þ.e. að sett verði markmið um kolefnisbindingarverkefni á borð við skógrækt og endurheimt votlendis.



Landbúnaður - kolefnishlutleysi
tCO₂í / ISKm



^c [Atvinnuvegaráðuneytið](#)
^d [Umhverfisstefna landbúnaðarins](#)



Álframleiðsla

Álframleiðsla losar mikið af gróðurhúsalofttegundum en bein losun árið 2022 nam nærri 270 milljón tonnum á heimsvísu^e. Áliðnaðurinn fer vaxandi enda er ál mikilvægur málmur fyrir samgöngur, rafmagnsinnviði, framleiðslu m.a. á íhlutum fyrir byggingariðnað og fyrir orkuskipti^f.

Helsti uppruni gróðurhúsalofttegunda frá álframleiðslu er losun koltvísýringa sem myndast við notkun kolefnisskauta í rafgreiningu á áli. Með núverandi bestu tækni er engin önnur aðferð til staðar til að frumframleiða ál. Því beinist þróunarstarfið fyrst og fremst að tveimur meginleiðum til að draga úr losun; annars vegar með þróun nýrra skauta sem bindast ekki súrefni, sem myndu þar með gera CO₂-losun nánast hverfandi, og hins vegar með því að fanga koltvísýring úr útblæstri í kerskálum og háfum. Síðari leiðinni fylgir sú áskorun að styrkur CO₂ í útblæstrinum er tiltölulega lágur og svipaður því sem mælist í andrúmsloftinu sem gerir notkun tæknilausna sem standa til boða að krefjandi viðfangsefni^g.

Samkvæmt Alþjóðaorkumálastofnuninni þarf áliðnaður að þróa og innleiða tæknilausnir sem skila nær engri losun til að ná verulegum samdrætti í losun við vinnslu á súráli og framleiðslu á bæði frumáli og endurunnu áli. Jafnframt er söfnun, flokkun og endurvinnsla áls mikilvæg til að draga úr losun og þurfa bæði iðnaðurinn og viðskiptavinir hans að taka þátt í því^e.

Ál er framleitt í þremur álverum á Íslandi. Sú orka, sem notuð er við framleiðsluna, kemur nær eingöngu frá endurnýjanlegum orkugjöfum og því er það ál, sem framleitt er á Íslandi, með lægri losun en almennt gerist á heimsvísu^h. Fjármögnuð losun frá áliðnaði í lánasafni nam 49 ktCO₂í, sem nemur um 32% af fjármagnaðri losun fyrirtækjalána bankans í heild sinni.

Kolefnishlutleysi	2040
Markmið árið 2030	15% samdráttur / framleitt tonn

Við studdumst við sviðsmynd frá Alþjóðaorkumálastofnuninni við setningu markmiða fyrir áliðnaðinn, þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er sett fram sem magn losunar á hvert framleitt tonn af áli.


Við setningu þessara markmiða var upplýsingagjöf fyrirtækja í lánabók Arion banka skoðuð auk þess sem við áttum samtöl við fyrirtæki í áliðnaði. Framleiðslutölur voru skalaðar í samræmi við fjárfestingu bankans í viðkomandi fyrirtækjum. Niðurstöður sýndu að losunarkræfni álframleiðslu í lánabók Arion banka er lægri en í sviðsmynd Alþjóðaorkumálastofnunarinnar.

Eins og áður hefur komið fram hefur íslensk álframleiðsla lægri losun gróðurhúsalofttegunda en almenn gerist á heimsvísu en til þess að ná kolefnishlutleysi árið 2040 er nauðsynlegt að áliðnaðurinn hérlandis haldi áfram að vinna í átt að kolefnishlutleysi og ráðist í markvissar aðgerðir til að binda kolefni frá útblæstri.

^e The International Energy Agency (IEA) – Aluminium
^f International Aluminium
^g Norðurál
^h Samál -Hvernig geta álver spornað við losun gróðurhúsalofttegunda?



Álframleiðsla - kolefnishlutleysi tCO₂í / hvert framleitt tonn af áli



Orkuframleiðsla

Orkuframleiðsla á Íslandi er öll endurnýjanleg og losun gróðurhúsalofttegunda frá þeirri atvinnugrein því almennt lág hér á landi. Orkuframleiðsla á Íslandi er 70% frá vatnsaflsvirkjunum og 30% frá jarðvarmavirkjunum!

Arion banki veitir lán til fyrirtækja innan orkuframleiðslu. Sum þeirra félaga stunda orkuframleiðslu en önnur vinna að uppbyggingu orkuvera. Fjármögnuð losun vegna þessarar starfsemi í lánabók bankans árið 2023 var 195 tCO₂í.

Við mótun markmiðs fyrir losun frá orkuframleiðslu var horft til sviðsmyndar frá Alþjóðaorkumálastofnuninni (IEA Net-Zero 2050). Sviðsmyndin byggist á losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleidda orkueiningu. Til þess að móta markmið í samræmi við þessa sviðsmynd var upplýsingum um orkuframleiðslu orkuvera innan lánasafns árið 2023 safnað saman. Fyrirtækin taka saman tölur um framleidda orku og heildarorkuframleiðsla var sköluð í samræmi við fjármögnun bankans í hverju fyrirtæki.

Niðurstöður þessarar samantektar sýna að losunarkræfni árið 2023 var um 0,03 kg CO₂í á hverja framleidda kílóvattstund (kWst). Framleiðsla er ekki hafin í öllum verkefnum sem lánað er til en öll orka, sem framleidd er í orkuverum í lánabók bankans, er endurnýjanleg orka.

Kolefnishlutleysi

2040

Markmið árið 2030

Viðhalda 0,03 kg CO₂í / kWst


Þar sem losun frá lánasafni Arion banka innan orkuframleiðslu er mun lægri en sviðsmyndin hefur bankinn nýtt ákvæði innan staðals SBTi um að Arion banki viðhaldi lágri losun innan orkuframleiðslu til ársins 2030 í stað þess að setja markmið um að draga úr losun.

Arion banki setur sér því markmið um að viðhalda losunarkræfni innan orkuframleiðslu í 0,03 kg CO₂í á framleidda kílóvattstund. Til að vinna að þessu markmiði mun bankinn því áfram að lána aðeins til endurnýjanlegrar orkuframleiðslu.

Stefnt er að kolefnishlutleysi innan orkuframleiðslu í samræmi við markmið stjórnvalda árið 2040. Sviðsmyndin frá Alþjóðaorkumálastofnuninni gerir ráð fyrir neikvæðri losun vegna bindingar innan atvinnugreinarinnar í stað kolefnishlutleysis. Arion banki setur sér að svo stöddu markmið um kolefnishlutleysi í samræmi við þessi gildi frá Alþjóðaorkumálastofnuninni.



Orkuframleiðsla - kolefnishlutleysi
kgCO₂í / kWst



i Orkustofnun



Sjávarútvegur

Í samanburði við þær atvinnugreinar, sem eru með mestu kolefnislosun á heimsvísu, er losun frá sjávarútvegi tiltölulega lítil. Á Íslandi er sjávarútvegur ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar og samanstendur af fyrirtækjum sem stunda veiðar, vinnslu, fiskeldi og sölu sjávarafurða. Í lánasafni Arion banka er sjávarútvegurinn þriðja stærsta atvinnugreinin og næsthæstur þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda en fjármögnuð kolefnislosun bankans í þessari grein er um 30 ktCO₂í.

Sjávarútvegurinn er mikilvæg grein þegar kemur að því ná markmiðum um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040. Til að vinna að þessum markmiðum hefur sjávarútvegurinn, á vettvangi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, sett fram loftslagsvegvísi. Markmið loftslagsvegvísisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55% árið 2030, frá árinu 2005. Til að ná markmiðunum hafa fyrirtæki í sjávarútvegi einkum horft til fjögurra lykilkáta; 1) að draga úr olíunotkun fiskiskipa, 2) að lágmarka losun frá kælimiðlum, 3) að rafvæða fiskmjölsverksmiðjur og tryggja raforku til þeirra og 4) bæta meðferð úrgangs og auka hringrásí.

Þróunin að kolefnishlutleysi sjávarútvegarins er þegar á góðri leið. Sjávarútvegurinn hefur m.a. endurnýjað og fjárfest í tækni sem fasar út notkun kælimiðla og fiskimjölsverksmiðjur hafa innleitt kerfi sem ganga fyrir rafmagni. Þrátt fyrir það hefur skerðing á raforku til verksmiðja haft það í för með sér að í sumum tilfellum hefur þurft að notast við olíu við á nýjan leik!

Sjávarútvegurinn er á skýrri vegferð um að draga úr losun og hvetur stjórnvöld til að styrkja innviði til að flýta fyrir orkuskiptumí.

Kolefnishlutleysi	2040
Markmið árið 2030	29,4% samdráttur / ISKm


Við væntum þess að samdráttur á losun frá sjávarútvegi í lánasafni okkar muni fylgja fyrirætlunum og frammistöðu loftslagsvegvísisins. Vegna skorts á alþjóðlegum sviðsmyndum fyrir sjávarútveg hefur reynst krefjandi að setja vísindaleg loftslagsmarkmið sem samræmast viðmiðum SBTi. Því uppfylla markmið okkar líklega ekki þær kröfur sem gerðar eru til vísindalegra loftslagsmarkmiða að svo stöddu. Við setningu markmiða fyrir sjávarútveg fylgjum við því viðmiðum SBTi um lágmarkið í árlegum samdrætti í losun (e. minimum absolute annual reduction) auk þeirra markmiða sem íslenskur sjávarútvegur hefur sett fram.

Það markmið, sem við setjum fram að þessu sinni, er að draga úr fjármagnaðri kolefnislosun bankans um 29,4% á hverja lánaða milljón til ársins 2030 miðað við árið 2023. Þetta markmið verður yfirfarið áður en markmiðin verða send til staðfestingar hjá SBTi, eða innan tveggja ára.

[j Loftslagsvegvísir sjávarútvegs](#)



Sjávarútvegur- kolefnishlutleysi
ktCO₂í / ISKm



Fasteignir

Lán í þessum flokki eru til fyrirtækja sem eru skráð sem fasteignafélög með starfsemi skráða í rekstri og/eða leigu fasteigna. Fasteignirnar sem um ræðir eru ýmist íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. Sum félögin sinna einnig uppbyggingu fasteigna, en flokkurinn nær ekki til byggingarféлага eða verktaka. Fjármögnuð kolefnislosun Arion banka í þessum flokki var 1,2 ktCO₂í árið 2023.

Við móttun markmiða fyrir losun frá fasteignafélögum var horft til sviðsmyndar frá Alþjóðaorkumálastofnuninni (IEA). Sviðsmyndin er sett upp sem samdráttur á losunarkræfni á hvern fermetra^k.

Til þess að ákvarða losunarkræfni fyrir flokkinn innan lánasafns Arion banka var upplýsingum um heildarfermetrafjölda í eigu fyrirtækja í lánasafninu safnað saman og hann skalaður í samræmi við fjármögnun bankans. Niðurstöður sýndu að losunarkræfni fasteignaféлага í lánabókinni var töluvert lægri en sviðsmynd Alþjóðaorkumálastofnunarinnar. Þetta má einkum rekja til mun lægri losunar innan umfangs 2 (þ.e. vegna hita og raforku) á Íslandi. Orkunotkun í íslenskum byggingum, þ.e. rafmagn og hiti, er að langmestu leyti knúin af endurnýjanlegri orku þegar horft er til staðbundinnar losunar^l.

Fasteignafélögin eru með talsverða losun innan umfangs 1, eða sem nemur um 70% af fjármagnaðri losun hjá félögunum í heild. Sú losun stafar að mestu af bruna jarðefnaeldsneytis. Við markmiðasetningu var gert ráð fyrir að losun dragist saman innan umfangs 1 vegna áframhaldandi rafbílavæðingar hjá fasteignafélögum og þar af leiðandi minnkandi eldsneytisnotkunar.

Kolefnishlutleysi

2040

Markmið árið 2030


18% samdráttur / m²

Markmið Arion banka er að fjármögnuð kolefnislosun dragist saman um 18% frá árinu 2023 til 2030 og að fasteignafélög nái kolefnishlutleysi árið 2040 í samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda.

Helsti óvissuþátturinn við markmið til ársins 2030 er að losun fyrirtækjanna innan flokksins byggist að stórum hluta á áætlunum frekar en raungögnum. Því endurspeglast rafbílavæðing einstakra fyrirtækja ekki með nægilegri nákvæmni í losunartölum, eins og mögulegt væri ef fyrirtækin myndu skrá og birta eigið losunarbókhald. Innan þessa flokks eru fjölmörg smærri fyrirtæki sem búa yfir takmarkaðri getu til að birta umhverfisbókhald. Þetta skapar áskoranir við að meta raunverulega þróun og áhrif aðgerða á losun gróðurhúsategunda í flokknum.



Fasteignir - Kolefnishlutleysi
kgCO₂í / m²



^l Orkustofnun
^k The International Energy Agency (IEA) - Net Zero by 2050



Landflutningar

Flutningar gegna mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi. Flutningar á sjó, landi og í lofti eru enn að mjög miklu leyti háðir jarðefnaeldsneyti og því til mikils að vinna að þróa áfram tækni og aðferðir til að ná fram orkuskiptum á þessu sviði. Stærsti hluti lánasafns Arion banka sem tengist flutningum snýr að land- og sjóflutningum og höfum við því sett okkur skýr markmið þar. Hluti lánasafnsins tekur til fólksflutninga en enn hefur ekki náðst utan um þann flokk að fullu svo að setja megi markmið um slíka flutninga á þessum tímavæðingum. Losun vegna flugsamgangna í lánasafni er óveruleg og verða slíkir flutningar ekki teknir með í markmiðasetningu bankans.

Landflutningar

Fjármögnuð kolefnislosun í umfangi 1 og 2 hjá fyrirtækjum í flokki landflutninga í lánasafni Arion banka var í heild um 507 tCO₂ í árið 2023. Losunarkræfni Arion banka er ákvörðuð út frá áætluðum fjölda kílómetra og magni fluttra tonna á viðmiðunarári í tengslum við lánastarfsemi bankans. Losunarkræfni viðmiðunarárið 2023 var um 94 gCO₂/t-km.

Við mótun vísindalegs loftslagsmarkmiðs fyrir flutninga á landi var stuðst við tól frá SBTi (SBTi SDA Transport tool vs. 1.1.1). Tólið styður við mótun skammtíamarkmiða í samræmi við markmið um að takmarka hlýnun jarðar við 1,5°C. Til að skilgreina langtíamarkmið um kolefnishlutleysi var sviðsmynd frá Alþjóðaorkumálastofnuninni notuð. Til viðbótar áttum við samtal við fyrirtæki í greininni.


Kolefnishlutleysi

2040


Markmið árið 2030

24,7% samdráttur / t-km

Markmið Arion banka í landflutningum er að losunarkræfni innan lánasafns bankans dragist saman um 24,7% út frá áætluðum fjölda kílómetra og magni fluttra tonna, frá árinu 2023 til ársins 2030. Langtíamarkmið Arion banka miðar að kolefnishlutleysi árið 2040.



Landflutningar - Kolefnishlutleysi
gCO₂ í t-km



Sjóflutningar

Fjármögnuð losun í umfangi 1 og 2 hjá fyrirtækjum í lánasafni Arion banka sem stunda sjóflutninga var um 3,8 ktCO₂ í árið 2023. Losunarkræfni innan sjóflutninga er ákvörðuð út frá áætluðum fjölda kílómetra og magni fluttra tonna á sjó. Losunarkræfnin á viðmiðunarári er töluvert hærri en sviðsmynd Alþjóðaorkumálastofnunarinnar gefur upp, en það má að líkindum rekja til þess að sjóleiðir til og frá Íslandi eru langar og nýtni í farmflutningum almennt lægri en á öðrum lengri sjóleiðum þar sem skip eru fullhlaðin og nýtni því betri.

Stuðst var við tól frá SBTi fyrir sjóflutninga (SBTi Maritime transport Tool). Tólið hjálpar okkur við setningu skammtímamarkmiða um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C. Til að skilgreina langtímamarkmið um kolefnishlutleysi var sviðsmynd frá Alþjóðaorkumálastofnuninni (IEA) notuð. Til viðbótar áttum við samtalið við fyrirtæki í greininni.

Kolefnishlutleysi

2050


Markmið árið 2030

41,9% samdráttur / t-km

Markmið Arion banka er að losunarkræfni innan lánasafns bankans í sjóflutningum dragist saman um 41,9% árið 2030 miðað við árið 2023. Þar sem sjóflutningar eru partur af alþjóðasamgöngum og tilheyra losun innan ETS kerfisins er stefnt að kolefnishlutleysi innan atvinnugreinarinnar á Ísland árið 2050. Því setur Arion banki sér markmið um kolefnishlutleysi í sjóflutningum árið 2050.



Sjóflutningar - Kolefnishlutleysi
gCO₂/t-km



Olía, gas og kol

Til að ná markmiðum Parísamkomulagsins er lykilatriði að draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis og koma á orkuskiptum.

Í samræmi við loftslagsstefnu Arion banka og þær skuldbindingar okkar um að setja okkur vísindaleg markmið og fá þau samþykkt af SBTi, ásamt því að fylgja viðmiðum NZBA, höfum við sett fram útilokunarlista. Listinn var gefin út í nóvember 2024 og útlistar þá starfsemi sem bankinn hyggst ekki fjárfesta í (eigin fjárfestingar), veita fyrirtækjaráðgjöf og/eða lána til.

Meðal þeirrar starfsemi sem er á útilokalistanum eru olíuleit ásamt vinnslu og/eða námugróftur á jarðefnaeldsneyti til orkuframleiðslu, þ.e. kolum, mó, jarðgasi og olíu.

Í lánasafni Arion banka eru engin lán sem falla undir þessar tilgreindu skilgreiningar. Starfsemi sem tengist dreifingu olíu er þó til staðar, en sú starfsemi flokkast undir endursölu og fellur ekki undir flokkinn olíu og gas hjá SBTi.

Kolefnishlutleysi

2040

Markmið árið 2030


Viðhalda 0 kg CO₂ / ISKm

Samkvæmt nýjum staðli fyrir fjármálafyrirtæki hjá SBTi er gerð krafa um setningu sérstakrar stefnu um olíu og mun bankinn vinna að því að setja slíka stefnu við uppfærslu markmiða til samræmis við staðalinn.

Arion banki mun áfram leitast við að hvetja viðskiptavinum sínum til að fasa út notkun jarðefnaeldsneytis og vinna markvisst að orkuskiptum.



Olía, gas og kol - Útilokunarlisti
kgCO₂ / ISKm



Stefna um endurútreikning á losun gróðurhúsalofttegunda

Arion banki hefur gefið út stefnu um endurútreikning á losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við GHG staðalinn. Stefnan er hluti af kröfum Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF) og Sciences Based Targets initiative (SBTi).

Til að tryggja eftirfylgni með framgangi markmiða verður losun gróðurhúsalofttegunda endurreiknuð í lok hvers árs ef við á. Endurútreikningurinn nær yfir viðmiðunarárið og öll þau ár sem birt eru í sjálfbærniuppgjöri í árs- og sjálfbærnisráskýrslu bankans, en aðeins ef verulegar breytingar hafa átt sér stað. Viðmið fyrir hvað telst verulegt er annaðhvort 5% aukning eða samdráttur í losun, í samræmi við leiðbeiningar GHG Protocol Corporate Standard.

Endurútreikningur getur átt sér stað við eftirfarandi aðstæður:

- **Breytt aðferðafræði:** Ef breytingar á aðferðafræði hafa veruleg áhrif á losun samkvæmt skilgreiningu hér fyrir ofan, t.d. vegna uppfærðra losunarstuðla, breytts aðgengis að gögnum eða uppfærðra útreikningsaðferða og verklagsreglna, verður losun endurreiknuð.
- **Breytt gögn eða villur:** Ef veruleg villa uppgötvast, eða margar minni villur sem samanlagt teljast verulegar, verður losun á viðkomandi ári endurreiknuð. Einnig getur veruleg breyting á skipulagi eða starfsemi fyrirtækisins leitt til endurútreiknings viðmiðunarárs.
- **Skipulagsbreytingar:** Ef breytingar á skipulagi Arion banka hafa veruleg áhrif á losun, t.d. vegna yfirtöku, sölu eða sameiningar, verður losun endurreiknuð eftir bestu getu. Ef slíkar breytingar eiga sér stað um mitt ár, verður losun endurreiknuð fyrir allt árið (bæði núverandi ár og viðmiðunarár). Við yfirtöku og sameiningu getur endurútreikningur farið fram allt að einu ári eftir breytinguna, til að tryggja aðgengi að fullnægjandi og nákvæmum gögnum.

Sjálfbærninefnd Arion banka hefur yfirfarið og samþykkt stefnuna og sjálfbærniteymi bankans hefur eftirfylgni með stefnunni.

[Stefnuna í heild má finna hér.](#)



Sjálfbærniáhætta og stýring




Sjálfbærniáhætta

Sjálfbærniáhætta er ekki einangraður áhættuflokkur, heldur felur hún í sér þverlæga áhættu sem getur aukið líkur á eða alvarleika annarra fjárhagslegra áhættupátta sem fjármálastofnanir standa frammi fyrir, svo sem hlífingaráhættu, markaðsáhættu og útlánaáhættu. Því ætti áhætta tengd sjálfbærni ekki að vera meðhöndluð sem afmörkuð áhætta heldur er nauðsynlegt að samþætta hana inn í heildstæða umgjörð áhættustýringar bankans.

Áhættupættir í tengslum við UFS (umhverfislega og félagslega þætti, og stjórnarhætti) hafa áhrif á efnahaginn, sem getur haft áhrif á þá starfsemi sem bankinn fjármagnar og fjármálakerfið í heild. Þessi áhrif geta verið bein, til dæmis vegna verðryrnunar eigna eða lægri arðsemi fyrirtækja, en einnig óbein vegna breytinga á stærri þáttum í hagkerfinu. Sjálfbærniáhætta getur í raun verið undirliggjandi þáttur í mörgum mismunandi áhættuflokkum samtímis. Áhrif slíkra áhætta ráðast af því hvort mótvægisáðgerðir eru kynntar tímanlega og með skilvirkum hætti og hvort umbreytingin fer fram skipulega eða ekki.

Loftslagsáhætta er almennt aðskilin í tvo meginþætti sem endurspeglar mismunandi birtingarmyndir áhættunnar. Annars vegar er um að ræða umbreytingaráhættu, sem tengist lagalegum, reglubundnum og orðsporslegum áskorunum sem geta komið upp í tengslum við umskipti yfir í kolefnishlutlaust hagkerfi. Hins vegar er raunlæg áhætta, sem felur í sér fjárhagslegt tjón vegna náttúrulegra afleiðinga loftslagsbreytinga, svo sem aukinnar tíðni og alvarleika ofsaveðurs, sjávarflóða og langtímabreytinga á veðurfari.



Sjálfbærniáhætta

framhald

Bankinn vinnur markvisst að því að styrkja getu sína til að greina og stýra UFS áhættu. Mikilvæg forsenda þess er aðgengi að gögnum sem notuð eru til að meta áhættuna, sem myndar síðan stoð fyrir eftirlit og skýrslugjöf í tengslum við sjálfbærni. Arion banki reiknar árlega fjármagnaða kolefnislosun lánasafnsins og eigin fjárfestinga samkvæmt aðferðafræði PCAF. Niðurstöður útreikninganna eru notaðar í frekari greiningar og skýrslugjöf og í markmiðasetningu.

Gögn sem liggja til grundvallar greiningu á loftslagstengdri áhættu eru í stöðugri þróun og verða sífellt nákvæmari og aðgengilegri. Þrátt fyrir þessa framþróun er enn algengt að byggt sé á nálgunum og gögnum sem eru ekki fullkomlega nákvæm. Vaxandi kröfur eru gerðar til fyrirtækja um aukna gagnabirtingu, sem er forsenda þess að bankinn geti framkvæmt vandaðar og áreiðanlegar greiningar.

Á Íslandi eru mörg smærri fyrirtæki sem falla utan formlegrar birtingarskyldu, sem leiðir til þess að nálganir og áætlanir eru enn mikið notaðar við mat á loftslagsáhættu. Þrátt fyrir það vinnur bankinn markvisst að þróun aðferða til að greina áhættuþætti og móta öflugra mælikvarða og þolmörk í samræmi við áhættuvilja stjórnar.

Bankinn hefur einnig mætt áskorunum varðandi aðgengi að gögnum sem snúa sérstaklega að íslenskum aðstæðum, einkum í tengslum við raunlæga áhættu og greiningu hennar. Bankinn gerir ráð fyrir að greiningar á íslensku landslagi þróist á næstu árum, meðal annars með aukinni samvinnu við opinberar stofnanir og gagnaveitur. Með því getur bankinn styrkt getu sína til að greina raunlæga loftslagsáhættu með aukinni nákvæmni og samhengi við íslenskar aðstæður.

Bankinn hefur framkvæmt greiningu á lánasafni sínu eftir atvinnugreinum til að meta UFS áhættu. Niðurstaðan er hitakort sem byggist á eigindlegu mati á mögulegum áhrifum mismunandi áhættuþátta á ólíkar atvinnugreinar. Greiningin byggist á mögulegri þróun næstu 15 árin. Þessi atvinnugreinagreining hefur verið samþætt inn í lánshæfismatskerfi bankans, sem tryggir að UFS-þættir eru einnig metnir niður á einstaka viðskiptavini.

Enda þótt bankinn hafi ekki enn að fullu metið áhrif náttúruvár og loftslagsbreytinga á starfsemi sína eru til staðar ýmsar mótvægisáðgerðir, meðal annars í gegnum Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Bankinn hefur átt samtalið við Veðurstofu Íslands um að innleiða Loftslagsatlas stofnunarinnar við mat á raunlægrri áhættu í lánasafni bankans, þar sem lausnin kynnir viðeigandi gögn fyrir Ísland fyrir slíkt mat. Bankinn er nú að meta næstu skref við þessa innleiðingu.

Eins og fram hefur komið hefur Arion banki gefið út útilokunarlista sem tilgreinir þá atvinnustarfsemi sem bankinn hyggst hvorki fjárfesta í (eigin fjárfestingar), veita fyrirtækjaráðgjöf til né fjármagna með lánum. Með þessu hefur bankinn skilgreint áhættuþol sitt fyrir hárra umbreytingaráhættu.

Framtíðarhorfur

Bankinn er nú að innleiða viðmiðunarreglur EBA um stjórnun á UFS áhættu. Enda þótt innleiðingarferlið sé enn í vinnslu er markmið bankans að styrkja umgjörð sína fyrir loftslagsáhættu og samþætta hana enn frekar inn í helstu ferli við áhættustýringu. Þetta felur meðal annars í sér að dýpka núverandi greiningu á ólíkum atvinnugreinum og innleiða mismunandi aðferðir við mikilvægisgreiningu áhættuþátta, með það að markmiði að fá yfirsýn yfir þá áhættu sem bankinn stendur frammi fyrir.



Viðauki





Gátlisti fyrir kröfur Net-Zero Banking Alliance

Losunarviðmið og árlegar losunartölur		Staðan
Viðmið	Bankar skulu setja grunnviðmið losunar og árlega mæla og birta losunartölur frá útlánnum, fjárfestingum og viðskiptum á fjármálamörkuðum í samræmi við alþjóðleg og innlend viðmið og leiðbeiningar um losun gróðurhúsalofttegunda (GHG).	✓ Viðmiðunarár fyrir útreikninga er 2023 og byggja á nýjustu tiltæku gögnum. Við reiknum og birtum árlega losun í árs- og sjálfbærnisráskýrslu bankans. Við fylgjum leiðbeiningum PCAF við útreikning á fjármagnaðri losun og GHG Protocol fyrir eigin starfsemi. Við fylgjum kröfum SBTi, sem kveða á um að ná yfir 67% af skyldubundnum þáttum og hluta af valkvæðum þáttum, uppfyllum við jafnframt skilyrði NZBA.
Umfang losunar	Losunartölur skulu ná yfir stærstan hluta fjármagnaðrar kolefnislosunar bankans (umfang 3), þar á meðal þær atvinnugreinar sem valda mestum útblæstri (sjá hér að neðan).	✓ Meirihluti kolefnislosunar okkar fellur undir umfang 3 (flokk 15), aðallega vegna fjármagnaðrar losunar sem tengist fyrirtækjalánum og húsnæðis- og bílalánum. Þessi þáttur er lykilatriði í heildarútreikningum okkar.
Kolefnisfrekar atvinnugreinar	Landbúnaður, ál, sement, kol, atvinnu- og íbúðarhúsnæði, járn og stál, olía og gas, raforkuframleiðsla og samgöngur.	✓ Útreikningur á fjármagnaðri losun okkar nær yfir helstu atvinnugreinar, þar á meðal landbúnað, ál, atvinnu- og íbúðarhúsnæði, olíu, gas og kol, raforkuframleiðslu og samgöngur. Að auki tókum við sjávarútveg með í útreikninginn. Aðrir geirar sem nefndir eru í leiðbeiningum NZBA eru ekki hluti af lánasafni Arion banka.
Mælikvarði fyrir losunartölur	Í þeim atvinnugreinum sem markmið eru sett fyrir skal birta eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> Heildarlosun. Losunarkræfni fyrir allt eignasafnið (t.d. CO₂e/USD lánað eða fjárfest). Losunarkræfni eftir atvinnugreinum (t.d. CO₂e/tonn). 	✓ Við mælum heildarlosun og losunarkræfni lánasafnsins sem losun per ISKm. Fyrir einstaka geira notum við einnig sértæka mælikvarða, til dæmis tonn framleiddrar vöru eða losun á fermetra húsnæðis.
Upplýsingagjöf	Hver banki skal birta upplýsingar um: <ul style="list-style-type: none"> Umfang og mörk eignaflokka og atvinnugreina sem tekin eru með (með rökstuðningi fyrir vali). Hvaða eignaflokkar og atvinnugreinar falla undir losunina (með rökstuðningi fyrir vali). Mæliaðferð(ir) og mælikvarði(ar) sem notaðir eru notuð fyrir eignasöfn-, eignaflokka- eða atvinnugreinar. 	✓ Við notum bæði myndræna framsetningu og texta til þess að sýna fram ástæðu fyrir vali á tilteknum flokkum og atvinnugreinum.
Markmið		Staðan
Tímalína og metnaður	Skammtíamarkmið (2030 eða fyrr) og langtíamarkmið (2050 eða fyrr) skulu að lágmarki samræmast markmiði um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C yfir meðalhitastigi fyrir iðnbyltingu fyrir lok aldarinnar. Markmiðin skulu vera vísindalega rökstudd og styðja umbreytingu í átt að kolefnishlutlausu hagkerfi fyrir 2050.	✓ Við höfum sett okkur markmið sem samræmast 1,5°C viðmiði Parísarsamkomulagsins. Öll verkfæri og aðferðir sem við notum frá SBTi miða að þessu viðmiði. Við tilgreinum einnig markár, 2040 og 2050, fyrir kolefnishlutleysi í samræmi við alþjóðlega staðla og skuldbindingar.
Mælikvarði markmiða	Skamm- og langtíamarkmið skulu byggjast á: <ul style="list-style-type: none"> Heildarlosun og/eða Losunarkræfni eftir atvinnugreinum (t.d. CO₂e/tonn). 	✓ Við setjum markmið um losunarkræfni ýmist miðað við framleiðslueiningu, magn, lengd eða á hverja lánaða milljón íslenskra króna (ISKm).
Viðmiðunarár	Viðmiðunarár markmiðs skal ekki vera meira en tvö ár aftur í tímann frá því markmiðið er sett (sjá leiðbeiningar um mögulegar undantekningar).	✓ Viðmiðunarárið okkar er 2023, nýjasta ártalið samkvæmt PCAF.
Sviðsmyndir	Bankar skulu upplýsa hvaða sviðsmyndum markmið þeirra byggja á (nafn, dagsetning og uppruni). Sviðsmyndir: <ul style="list-style-type: none"> skulu miða við að halda hlýnun jarðar innan 1,5°C fyrir lok aldarinnar skulu koma frá trúverðugum, viðurkenndum aðilum skulu ekki, eða að mjög litlu leyti fara yfir viðmið um að halda hlýnun jarðar undir 1,5°C skulu treysta hóflega á tækni sem fjarlægir kolefni úr andrúmsloftinu skulu byggja á vísindalegum forsendum um kolefnisbindingu sem næst með náttúrulegum lausnum og breytingum í landnotkun. 	✓ Við tilgreinum alltaf hvaða sviðsmynd liggur til grundvallar, hvort sem það er IEA Net Zero frá maí 2021 eða sviðsmynd úr SBTi-vinnuskjölum. Sjávarútvegur er eina undantekningin þar sem sviðsmynd er ekki til staðlar, enda er sú atvinnugrein ekki sérstaklega skilgreind hjá NZBA.
Gagnsæi	Bankar skulu vera gagnsæir um tímaramma markmiða með því að upplýsa um viðmiðunarár og markár, valdar sviðsmyndir, valdar aðferðir, skammtíamarkmið og aðra áfanga.	✓ Við tilgreinum skýrt viðmiðunarár (2023), markár (2040 eða 2050), sviðsmyndir og aðferðafræði fyrir hverja atvinnugrein og skammtíamarkmiðið okkar sem er árið 2030.



Umfang markmiða		Staðan
Umfang losunar	Markmið skulu ná yfir stærsta hluta fjármagnaðrar losunar bankans (umfang 3), þar á meðal þær atvinnugreinar sem valda mestri losun (sjá hér að neðan).	✓ Greiningin okkar nær yfir stærstan hluta af heildarlosun sem tengist lánasafni bankans og telur með þær atvinnugreinar sem valda mestri losun.
Kolefnisfrekar atvinnugreinar	Landbúnaður, ál, sement, kol, atvinnu- og íbúðarhúsnæði, járn og stál, olía og gas, raforkuframleiðsla og samgöngur.	✓ Markmið okkar ná yfir helstu atvinnugreinar sem eru nefndar hér og finnast í lánasafni bankans.
Umfang fjármálastarfsemi	Markmiðin skulu ná til lánastarfsemi og starfsemi sem felur í sér skipulagningu og ábyrgð útgáfu fjármálagjöringa (bæði hlutabréfa og skuldabréfa) og ættu einnig að ná til fjárfestingarstarfsemi.	✓ Markmiðin ná til lánastarfsemi og eigin starfsemi en ekki til fjárfestingastarfsemi. Við fylgjum leiðbeiningum PCAF við útreikning á fjármagnaðri losun og GHG Protocol fyrir eigin starfsemi. Við fylgjum kröfum SBTi, sem kveða á um að ná yfir 67% af skyldubundnum þáttum og hluta af valkvæðum þáttum, uppfyllum við jafnframt skilyrði NZBA.
Meðtalið	Markmið skulu sett og/eða upplýsingar gefnar: <ul style="list-style-type: none"> ■ Þar sem gögn eru tiltæk; ■ Þar sem aðferðir eru til, hvort sem þær eru opnar (e. <i>open source</i>) eða þróaðar af einkaaðilum (e. <i>Privatly developed</i>); ■ Þar sem losun frá atvinnugrein eða starfsemi og/eða fjárhagsleg áhætta er mikil. ■ Þar sem ekki eru takmarkanir vegna lagaumhverfis og/eða viðkvæmra upplýsinga. 	✓ Þar sem við fylgjum kröfum SBTi, sem kveða á um að ná yfir 67% af skyldubundnum þáttum og hluta af valkvæðum þáttum, uppfyllum við jafnframt skilyrði NZBA.
Undanskilið	Bankar skulu færa rök fyrir undanskildum eignaflokkum vegna vægis, aðferðafræði eða annarra viðeigandi ástæðna.	✓ Tekið er fram ef undantekningar eru gerðar.
Umfang losunar lánasafns	Markmið banka skulu taka með losun lánasafns úr umfangi 1, 2 og 3 þar sem hún á við og gögn eru tiltæk. Gert er ráð fyrir að umfang aukist eftir því sem gæði gagna og skýrslugjöf viðskiptavina batnar.	✓ Um er að ræða umfang 1 og 2 nema annað sé tekið fram.
Sjálfkrafa meðtalið	Allir viðskiptavinir, sem afla meira en 5% af tekjum sínum beint af námuvinnslu kola eða raforkuframleiðslu með kolum, skulu vera teknir með í umfang markmiða.	✓ Kol eru á útilokunarlista hjá Arion banka og engin fjármögnuð losun er vegna kola.
Útfösunarstefna	Ef banki setur stefnu um útfösun eða útilokun með markári í stað losunarmarkmiðs skal engu að síður upplýsa árlega um fjármagnaða losun úr viðkomandi starfsemi/atvinnugrein þar sem hún er veigamikil.	✓ Kol og vinnsla jarðefnaeldsneytis eru á útilokunarlista Arion banka. Þrátt fyrir það gerum við árlega grein fyrir stöðunni til að hafa gagnsæi um stöðuna.
Umbreytingaráætlanir		Staðan
Umbreytingaráætlanir	Sýna skal fram á hvernig bankinn hyggst ná markmiðum sínum innan 12 mánaða frá útgáfu þeirra. Þetta skal gert með heildrænni umbreytingaráætlun sem inniheldur áætlanir aðgerðir og áfanga til að markmiðunum.	✓ Leið okkar að kolefnishlutleysi er birt hér samhliða útgáfu markmiða. Áætlað er að birta framgang markmiða reglulega.
Áhrif á raunhagkerfið	Markmið skulu beinast að áhrifum í raunhagkerfinu.	✓ Aðgerðir bankans miða ávallt að því að hafa áhrif í raunhagkerfinu.
Önnur atriði		Staðan
Stjórnarhættir	Markmið skulu samþykkt af æðsta stjórnunarstigi bankans og vera hluti af viðtækari stefnumótun bankans. Markmið skulu vera yfirfarin af hæsta stjórnunarstigi bankans sem sinnir eftirliti og samþykkir stefnur.	✓ Markmið eru samþykkt af sjálfbærnefnd bankans sem bankastjóri ber ábyrgð á. Nefndin hefur einnig það hlutverk að hafa eftirlit með og framfylgja markmiðum. Sjálfbærni er hluti af heildarstefnu bankans sem samþykkt er af stjórn bankans.
Yfirferð markmiða	Markmið skulu vera yfirfarin og, ef þörf krefur, uppfærð að minnsta kosti á fimm ára fresti til að tryggja samræmi við nýjustu vísindi (eins og fram kemur í skýrslum frá IPCC).	✓ Arion banki skuldbindur sig til að yfirfara markmiðin að minnsta kosti á fimm ára fresti.
Endurútreikningur markmiða	Markmið skulu vera endurreiknuð og uppfærð þegar þörf krefur svo þau endurspegli verulegar breytingar sem gætu haft áhrif á hvort þau séu enn viðeigandi og samræmis núverandi markmiðasetningu (t.d. stórar breytingar á eignasafni og þróun á aðferðafræði).	✓ Við höfum sett okkur endurútreikningastefnu þar sem fram kemur hvenær við skuldbindum okkur til að endurreikna.
Setning nýrra markmiða	Þegar næsta ár skammtímamarkmiða nálgast skal setja nýtt skammtímamarkmið til næstu fimm ára.	✓ Í samræmi við leiðbeiningar verða birt ný og uppfærð skammtímamarkmið þegar að því kemur.
Staðfesting	Bankar eru hvattir til að fá óháðan þriðja aðila til að staðfesta, með takmarkaðri vissu, framgang markmiða, þar með talið viðmiðunarár.	✗ Ekki hefur verið fengin staðfesting á efni þessarar skýrslu frá þriðja aðila.
Kolefniseiningar	Við notkun kolefniseininga skulu bankar gæta vandvirkni við að fylgja þróuðum og viðurkenndum aðferðum í samræmi við opinber viðmið eða ramma.	✓ SBTi setur ströng skilyrði fyrir notkun kolefniseininga sem bankinn fylgir eftir. Almennt er heimilt að kaupa einingar en þær telja þó ekki sem ein af þeim aðgerðum sem stuðlar að kolefnishlutleysi. Bankinn kaupir kolefniseiningar og telur fram í umhverfisuppgjöri sem mótvægisáðgerð.
Innleiðingartími	Aðilar að NZBA munu innleiða þessar leiðbeiningar með því að setja sín fyrstu markmið innan 18 mánaða frá undirritun skuldbindingar NZBA og innan næstu 18 mánaða setja markmið fyrir allar eða stærstan hluta kolefnisfrekra atvinnugreina.	✓ Arion banki undirritaði skuldbindingu NZBA í desember 2023 og hóf þá vinnu við setningu markmiða. Í þessari skýrslu setjum við markmið fyrir meirihluta kolefnisfrekra atvinnugreina. Við breytingu á NZBA í byrjun október 2025 er ekki lengur gert ráð fyrir skuldbindingu eða skyldubundnum innleiðingartíma.
Notkun 2. útgáfu leiðbeininganna	Frá og með 22. apríl 2024 (gildistökudegi fyrir 2. útgáfu leiðbeininganna) skulu öll ný markmið sem eru sett eða markmið sem eru endurskoðuð eftir þann dag vera í samræmi við 2. útgáfu leiðbeininga NZBA, að undanskildum markmiðum um fjármagnsmarkaði sem skulu tekin með nýjum markmiðum sem verða birt 1. nóvember 2025.	✓ 2. útgáfu leiðbeininga NZBA var notuð við setningu markmiða og gerð þessarar skýrslu.

